

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. desember 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-70/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 21. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á farsíma, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi framkvæmi úrbætur á símanum, sér að kostnaðarlausu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 23. ágúst sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 2. september. Með bréfi, dags. 10. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 24. september. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 21. nóvember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 18. júlí sl. keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni Samsung Galaxy S4 af seljanda fyrir kr. 119.990. Hinn 28. júlí, þ.e. tíu dögum eftir kaupin, var álitsbeiðandi á göngu með farsímamann í vasanum og var hann að hlusta á tónlist úr símanum með heyrnartólum. Tekur álitsbeiðandi þá eftir því að síminn fer að skipta milli laga án sýnilegrar ástæðu. Tekur álitsbeiðandi símann úr vasa sínum og sér að skjár hans er brotinn. Telur álitsbeiðandi afar einkennilegt að skjárin hafi brotnað þar sem hann hafi ekki verið að gera neitt annað en að ganga, þ.e. að hann hafi ekki verið að setjast niður eða hoppa eða slíkt. Segist álitsbeiðandi hafa farið með símann samdægurs til seljanda og hafi seljandi tekið við símanum í þeim tilgangi að láta þjónustuaðila, þ.e. annað fyrirtæki, kanna hvort hann væri tryggður. Tíu dögum síðar tilkynnti seljandi að síminn væri þrýsti- eða höggskemmdur og því ótryggður og að viðgerð á símanum myndi kosta kr. 35.000.

Segist álitsbeiðandi ekki hafa sætt sig við þessa niðurstöðu og því beðið seljanda um að fá afrit af skoðunarskýrslu þjónustuaðilans. Viku síðar hafði engin skýrsla borist og ítrekaði álitsbeiðandi þá kröfu sína og fékk senda svoneftnda skoðunarskýrslu um hæl. Reyndist skýrslan aðeins vera ljósmynd af símanum brotnum. Ítrekaði álitsbeiðandi kröfur sínar um að fá afrit af skýrslu þjónustuaðilans. Hinn 20. ágúst fékk álitsbeiðandi símtal frá seljanda, og í kjölfarið afrit af skýrslu þjónustuaðilans, sem virðist hafa verið áframsendur tölvupóstur frá þjónustuaðilanum þar sem m.a. kom fram að síminn hafi orðið fyrir þrýstingi eða spennu.

Sem fyrr segir gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi framkvæmi úrbætur á símanum. Telur álitsbeiðandi að þegar hann keypti símann hafi verið lítil sprunga í skjánum sem síðan hafi leitt til þess að skjárin brotnaði við lítið álag. Efast álitsbeiðandi um að verkstæðið eða verkstæðin sem hafi skoðað símann hafi gert það sérstaklega vel, þar sem af myndum frá þeim megi ráða að síminn hafi ekki verið tekinn í sundur.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er rakið að farsíminn hafi verið keyptur hinn 18. júlí sl. en kaupandi hafi komið aftur með símann tíu dögum síðar þar sem innri skjár símans var brotinn. Segir seljandi að almennt brotni innri skjár vegna þrýstings eða höggs á símann. Þá vísar seljandi til þess að þessháttar tjón sé undanskilið ábyrgð seljanda. Þá hafi viðurkenndur viðgerðaraðili úrskurðað að síminn sé skemmdur vegna höggs eða þrýstings og bendir á að álitsbeiðandi sjálfur hafi tiltekið að síminn hafi verið í vasa hans þegar skjárin brotnaði, en um sé að ræða farsíma með frekar stórum skjá og því líklegt að þrýstingur hafi komið á tækið sem hafi orsakað skemmdina.

V

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni Samsung Galaxy S4 af seljanda hinn 18. júlí sl. fyrir kr. 119.990. 10 dögum eftir kaupin brotnaði innri skjár símans þegar álitsbeiðandi var á göngu með símann í vasanum. Telur álitsbeiðandi að síminn hafi verið gallaður við afhendingu, þ.e. að mögulega hafi verið lítil sprunga í skjá símans sem gerði það að verkum að skjárin brotnaði við lítið álag, en seljandi vísar til þess að viðurkenndur viðgerðaraðili hafi úrskurðað að síminn hafi skemmst vegna höggs eða þrýstings, þ.e. vegna meðferðar álitsbeiðanda á símanum og hafnar því kröfu álitsbeiðanda um að framkvæma úrbætur á símanum fyrir eigin reikning.

Í 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um tímamark galla. Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram sú meginregla að við mat á því hvort söluhlutur sé gallaður, skuli miðað við það tímamark þegar áhætta af söluhlut flýst yfir til neytanda, jafnvel þó gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Í 2. mgr. greinarinnar er síðan að finna mikilvæga undantekningu frá þessari reglu, en þar segir::

Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.

Ákvæðið hefur þá þýðingu að ef galli hefur komið í ljós innan sex mánaða, þarf seljandi almennt að sanna að gallinn hafi ekki verið fyrir hendi við áhættuflutninginn, í þessu tilviki afhendinguna. Seljandi hefur ekki gert neinn sérstakan reka að þessu og virðist halda því fram að þar sem síminn sé metinn skemmdur vegna hnjasks eða höggs af viðgerðaraðila, sé útilokað annað en að það ástand símans verði rakið til meðferðar álitsbeiðanda á símanum. Þó hefur engin skýrsla frá umræddum viðgerðaraðila eða aðilum verið lögð fram í málinu, en þar sem viðgerðaraðilarnir eru samstarfsaðilar seljanda, ætti það að vera honum fyrirhafnarlítið að útvega slíka skýrslu. Kærufndin telur að alls ekki sé útilokað að símtæki sem seld séu ný, hafi orðið fyrir hnjaski áður en þau eru seld til neytanda, eða að einstakir hlutir þeirra séu haldnir framleiðslugalla. Vegna ákvæða áðurnefndrar 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, hefði seljandi því þurft að gera meiri reka að því en gert var að sýna fram á að sá galli sem á símanum var, hafi ekki verið til staðar þegar síminn var seldur álitsbeiðanda hinn 18. júlí sl. Er það því mat kærufndarinnar að umræddur sími sé haldinn galla sbr. a- og b- lið 2. mgr. 15. gr. sbr. a-lið 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytenda-

kaup og gegn fullyrðingum álitsbeiðanda um að hafa farið varlega með símann, hefur ekki verið sýnt fram á að sá galli sé sök neytanda sbr. 1. mgr. 26. gr. laganna. Er það því mat kærunefndarinnar að álitsbeiðandi geti beitt vanefndarúrræðum 26. gr. laganna, en þar segir m.a.:

Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.;

Álitsbeiðandi hefur í máli þessu farið fram á úrbætur, skv. 29. og 30. gr. laganna. og fellst kærunefndin á þá kröfu. Er það því mat kærunefndarinnar að seljanda beri að framkvæma úrbætur á síma þeim er álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 18. júlí sl. og skulu úrbæturnar fara fram samkvæmt 29. og 30. gr. laganna, án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir álitsbeiðanda og innan hæfilegs tíma.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, framkvæmi úrbætur á símtæki því er X keypti af seljanda hinn 18. júlí sl.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir